


ÁRSSKÝRSLA 2022

Textílmíðstöð Íslands





EFNISYFIRLIT

Formáli forstöðumanns	4
Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð	6
Skýrsla stjórnar	8
Starfsfólk	10
Kynningarmál og útgáfa	12
Fullorðinsfræðsla og endurmenntun	14
Húsnæði	16
Innlend samstarfsverkefni	18
Alþjóðleg samstarfsverkefni	26
Heimsóknir	34
Ós Textíllistamiðstöð	35
Fjármál	36

FORMÁLI FORSTÖÐUMANNNS

Árið 2022 var viðburðaríkt og sú staðreynd að það tókst að koma á alþjóðlegu námi, Fabric Academy, stendur hvað hæst. Þetta var afar mikilvægt skref í eflingu Textíllabsins og uppbyggingu rannsóknainnviða í textíl og til að innleiða nýjar aðferðir við hönnun, framleiðslu og endurvinnslu textíls. Ekki síst fyrir þær sakir að umhverfismálin kalla eftir nýrri þekkingu og lausnum í gegnum allt framleiðsluferlið á textílvörum.

Á Íslandi er nánast allur textíll innfluttur og gríðarlegt magn urðað. Tískuiðnaðurinn er einn af mest mengandi iðnaði í heiminum og mikilvægt að Ísland vinni að því að verða sjálfbærara, að hugvitsdrifin framleiðsla á textíl verði eflid sem og þeir möguleikar sem eru til staðar til innanlandsframleiðslu og nýtingu innlendra hráefna.

Það er grundvallaratriði að textíliðnaður breyti um stefnu og skoðaðar séu leiðir til að innleiða og þróa framleiðslu sem byggir bæði á sjálfbærni og meiri sangirni fyrir hönd allra sem koma að framleiðslunni. Lausnin felst m.a. í því að byggja upp innviði til rannsókna, nýsköpunar og sömuleiðis þekkingarnet sem byggir á hugvitsdrifinni hönnun, framleiðslu og vörudreifingu.

Textílmíðstöðin tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum og hefur fengið styrk úr Innviðasjóði til uppbyggingar rannsóknarinnviða í textíl og er búin að byggja upp mjög öflugt innlent og erlent tengslanet. Sveitarfélögin á

Norðurlandi vestra hafa mikinn áhuga á uppbyggingunni, enda tækifæri mörg til frekari þróunar og uppbyggingar í tengslum við textílinn og hafa þau bæði stutt og styrkt starfsemina. Þrátt fyrir þetta hefur ekki tekist að fá stuðning til reksturs TextílLabsins frá íslenskum ráðuneytum sem hafa stutt starfsemi Fab Lab smiðja víðsvegar um land. Ef ekki verður fljótt breyting þar á verður að loka fyrstu og einu rannsóknainviðum landsins í textíl og Textílmíðstöðin verður að segja sig frá þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum þar sem þátttakan byggist á því að vera með starfandi textílsmiðju. Til þessa hefur rannsóknarverkefnið Centrinno að mestu borgað laun starfsfólks í TextílLabinu en laun starfsmanns við að setja upp tæki voru að hluta til greitt með styrk úr Lóu.

Lokun TextílLabsins myndi hafa neikvæð áhrif á alla þætti starfseminnar, enda fléttast rannsóknainviðirnir inn í alla þætti starfseminnar.

Það er líka sorglegt að sjá þegar stuðningskerfi stjórnvalda er skoðað, hversu illa það mætir þörfum samfélaga á landsbyggðinni þar sem atvinnulíf er fábreytt og ekki öflug fyrirtæki til staðar. Hin svokallaða landsbyggðar-aðstoð, Lóa nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, er einungis 100 milljónir fyrir árið 2023. Ljóst er að þær milljónir geta ekki haft mikil áhrif á þróun uppbyggingar og nýsköpunar á landsbyggðinni og uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs sem rennir stoðum undir atvinnuuppbyggingu.

Raunveruleikinn er sá að það eru einkum stór og öflug fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem hafa raunverulegt aðgengi að stuðningskerfi stjórnvalda í nýsköpun í formi endurgreiðslna og áætlað er að þær greiðslur verði um 11,8 milljarðar fyrir árið 2023.

Vonandi koma stjórnvöld til með að verða við ákalli okkar á Norðurlandi vestra um að styðja myndarlega við uppbyggingu í tengslum við textílinn á svæðinu og gefi okkur þannig tækifæri á að byggja upp þekkingarstörf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til að ná sem mestum og bestum árangri.

Elsa Arnardóttir
forstöðumaður

STJÓRN, VARASTJÓRN OG FULLTRÚARÁÐ

Stjórn

Hulda Brynjólfsdóttir, Uppspuni, formaður stjórnar.

Áslaug Thorlacius, Myndlistarskólinn í Reykjavík, ritari og varaformaður, kjörin af fulltrúaráði.

Kristveig Halldórsdóttir, Textílfélag Íslands, fulltrúi félagasamtaka.

Guðmundur Haukur Jakobsson, fulltrúi sveitarfélaga.

Katrín María Káradóttir, Listaháskóli Íslands, fulltrúi stofnana.

Varastjórn

Erla Björg Örnólfsdóttir, Háskólinn á Hólum, fulltrúi stofnana.

Halldór Gunnar Ólafsson, Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál, fulltrúi sveitarfélaga.

Sigurður Sævar Gunnarsson, Ístex, fulltrúi fyrirtækja.

Einar Kristján Jónsson, kjörinn af fulltrúaráði.

Kristín Vala Breiðfjörð, Heimilisiðnaðarfélag Íslands, fulltrúi félagasamtaka.

Aðilar að fulltrúaráði

Fulltrúar sveitarstjórnarstigsins

Lee Ann Maginnis, Blönduósbær.

Einar Kristján Jónsson, Húnavatnshreppur.

Halldór Gunnar Ólafsson, Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Fulltrúar stofnana

Anna Margret Sigurðardóttir, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.
Áslaug Thorlacius, Myndlistaskólinn í Reykjavík.
Bryndís Práinsdóttir, Farskólinn Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Erla Björk Örnólfsdóttir, Háskólinn á Hólum.
Helga Harðardóttir, Byggðastofnun.
Katrín Káradóttir, Listaháskóli Íslands.
Rósa Björk Jónsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands.
Pórný Hlynisdóttir, Háskólinn á Bifröst.
Porkell V. Þorsteinsson, Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra.

Fulltrúar fyrirtækja

Birna Björnsdóttir, Landsvirkjun.
Hulda Brynjólfsdóttir, Uppspuni.
Hrönn Vilhelmsdóttir, Textíll ehf.
Kristinn Karlsson, Kidka.
Páll Kr. Pálsson, Varma.
Sigurður Sævar Gunnarsson, Ístex.

Fulltrúar félagasamtaka

Kristín Vala Breiðfjörð, Heimilisiðnarfélag Íslands.
Kristveig Halldórsdóttir, Textílfélag Íslands.
Pórhalla Guðbjartsdóttir, Vinir Kvennaskólans á Blönduósi.

Ársfundur var haldinn 2. júní 2022 í Textíllabi Textílmíðstöðvarinnar og jafnframt gátu fulltrúar setið fjarfund.

Stjórnarfundir voru haldnir 21. mars, 2. júní, 11. ágúst og 1. nóvember.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Textílmíðstöðvar Íslands fyrir starfsárið 2022 - 2023

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundum á árinu og ársfundurinn var haldinn 2. júní 2022, bæði fyrir Textílmíðstöð Íslands (TMÍ) og Ós Textíllistamiðstöð. Ágætlega var mætt á fundinn og örlítill breyting á skipulagsskrá samþykkt. Nákvæmara orðalag vantaði um reglur varðandi stjórnarskipti ef breyting verður á miðju kjörtímabili. Orðalagið var lagfært, þannig að ef varamaður tekur við starfi aðalmanns á miðju kjörtímabili, þá er það til að klára kjörtímabilið. Því eigum við; undirrituð, Katrín Káradóttir og Kristveig Halldórsdóttir að ganga úr stjórn á þessum ársfundi sem við höldum hér í dag.

Stjórn Textílmíðstöðvarinnar er aðeins dreifð um landið og formaðurinn býr þar lengst frá eða í Rangárvallasýslu. Fjarlægðin og dreifingin getur verið ókostur, en við notum fjarfundabúnað til að halda stjórnarfundum og símann, sérstaklega til að spjalla við framkvæmdastjóra TMÍ til að fylgjast með hvað er að gerast hér innan veggja. Það veitir ekki af að hringja reglulega til að vera þokkalega með á nótunum um starfið sem hér er unnið, því það er svo öflugt og oft og iðulega eitthvað nýtt komið í pípunar eða að fæðast þegar við Elsa tölum saman. Það er alltaf jafn gaman að fylgjast með starfinu hér, þó að vissulega væri maður stundum til í að vera örlítið nær en raun ber vitni, þá látum við það ekki á okkur fá og alls ekki hafa áhrif á samskipti okkar eða starfið hérna almennt. Hér er hlutunum stýrt af skörungsskap og starfsfólkið öflugt.

En þó við séum ákaflega ánægð með starfsfólkið sem hér er, þá þarf aðeins

að endurskoða starfsemina hér að einu leyti. Verkefnin hafa hlaðist inn og mikið að gera. Risið hefur Textíllab sem hefur verið stýrt af Margréti Katrínu Guttormsdóttur undanfarið ár. Það hefur verið vel nýtt og fjölmörg námskeið haldin. Ljóst er að álagið á starfsfólkið er mikið þegar verkefnin eru svona mörg og því er þörf á að bæta við stöðugildum og svo starfsfólki. Bæði til að halda utan um fleiri verkefni og einnig til að fleiri hafi innsýn í starfið og geti unnið saman að því að efla staðinn.

Það er því ekki að ástæðulausu að sótt hefur verið um aukið fjármagn og stöðugildi til ráðuneytisins og er von okkar að það skili árangri hið allra fyrsta.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn kærlega fyrir samstarfið. Það er gott að vinna með góðu fólki og þessi hópur er það svo sannarlega. Á stjórnarfundum eru hlutirnir ræddir opinskátt og fólk er ekki feimið við að segja skoðanir sínar sem er algjörlega nauðsynlegt. Það væri vandi ef enginn sagði neitt og allir væru alltaf sammála.

Ég vil þakka starfsfólki TMÍ innilega fyrir þeirra störf og þá ekki síst Elsu sem tekur símtölum mínum af miklu jafnaðargeði, svarar oft sömu spurningunum og rifjar upp fyrir mér það sem hún sagði síðast með brosi á vör. Margréti þakka ég einnig fyrir hennar hlutdeild í að byggja upp Textíllab og vil einnig hrósa henni fyrir hversu vel það vex og dafnar og lýsa því yfir hve gaman það er að koma og sjá það sem gerist þar innan veggja. Ég nafngreini ekki fleiri, en það mætti samt alveg og ég vil að þið vitið að þið eruð mikils metin og það er gott að hafa ykkur hér.

Að lokum við ég óska Norðurlandi vestra til hamingju með Textílmíðstöð Íslands. Þið megið vera stolt af því sem hér er gert og ég hvet ykkur til að passa vel upp á þetta fjöregg sem þið haldið í höndum ykkar.

Hulda Brynjólfsdóttir

formaður stjórnar

STARFSFÓLK

Elsa Arnardóttir

er forstöðumaður Textílmíðstöðvarinnar. Elsa er með B.A. próf í mannfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands, diplómu í textíl frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og meistaraþráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands. Elsa hefur umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar, öflun fjármagns og verkefna og verkefnastýringu.

Jóhanna Erla Pálmadóttir

er verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni. Jóhanna er textílkennari frá Håndarbejdets Fremmes Seminarium í Danmörku. Jóhanna er hugmyndasmiður Vatnsdælu á Refli og höfundur fjölda þrjónauppskrifta. Jóhanna er höfundur Þrjónagleðinnar, sérfræðingur í ullarvinnslu, þrjóni og útsaum. Jóhanna hefur verið í veikindaleyfi en kom aftur til starfa í nóvember. Hún er umsjónarmaður Ós Textíllistamiðstöðvar.

Katharina Schneider

er verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni. Katharina hefur M.A. gráðu í sagnfræði og ensku frá Háskólanum í Freiburg í Þýskalandi og diplómagraðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands. Hún, ásamt forstöðumanni, hefur umsjón með Evrópuverkefninu Centrinno. Hún hefur umsjón með heimasíðu, upplýsinga- og kynningarmálum, útgáfu fréttabréfs, námsveri og fjarprófum háskólanema og sér um þýðingar. Jafnframt sér Katharina um samskipti við listafólkið fyrir komuna til landsins fyrir Ós Textíllistamiðstöð og sér um söfnun efnis og vinnslu texta fyrir ársritið, Ós residency catalog.

Louise Massacrier

hóf störf um miðjan september sem leiðbeinandi Textíl Akademíunnar. Louise lauk Akademíunni síðastliðið vor og hefur einnig lokið námi á háskólastigi í handverki, hönnun og útsaum frá Lycée La Source í Nogent-sur-Marne í Frakklandi.

Margrét Katrín Guttormsdóttir

hóf störf 1. október 2021 sem umsjónarmaður Textíllabs. Margrét Katrín er með B.A. gráðu í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands og diplómu í textíl frá Myndlistaskólanum í Reykjavík. Hún aðstoðar og heldur utan um námskeið á vegum TextilLabs.

Martina Ines Ohletz

er í fæðingarorlofi.

Marcela Zichackova

var ráðin til að leysa Martinu af í fæðingarorlofinu. Hún sér um öll þrif fyrir Ós Textíllistamiðstöð og Textílmíðstöðina í Kvennaskólanum.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

er sérfræðingur í vefnaði hjá Textílmíðstöðinni. Ragnheiður útskrifaðist úr Textíildeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og er með meistaragráðu í listkennslu frá Háskólanum á Akureyri. Ragnheiður hafði umsjón með hagnýtu rannsóknarverkefni; Bridging Textiles to the Digital Future 2017-2020. Ragnheiður hefur umsjón með öllu sem snýr að vefnaði, vefstólunum sjálfum, hefðbundnum og stafrænum, og sér um alla vefnaðarkennslu.

Svanhildur Pálsdóttir

er markaðs- og viðburðastjóri Prjónagleðinnar 2022 og NORA verkefnisins Wool of the North. Svana er grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands með textíl sem aðalfag. Hún er einnig með alþjóðlega D-vottun í verkefnastjórnun (Certified Project Management Associate).

KYNNINGARMÁL OG ÚTGÁFA

Stefna Textílmíðstöðvar í upplýsinga- og kynningarmálum er að veita góðar, fróðlegar og myndrænar upplýsingar um fjölbreytt verkefni hennar og þau markmið sem að er stefnt. Markhópurinn er bæði innanlands og utan og tungumálin því íslenska og enska.

Vefsíða

Á vefsíðu Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi má nálgast á einum stað fréttir af starfsemi Textílmíðstöðvar og Óss Textíllistamiðstöðvar.

<https://www.textilmidstod.is>

<https://www.textilecenter.is>

Samfélagsmiðlar

Textílmíðstöð er með Facebook síðu þar sem áhersla er lögð á að deila fréttum og myndrænu efni.

Pegar pistlar eru settir inn á samfélagsmiðla er notuð merkingin: #textilmidstod #icelandictextilecenter #osresidency #textilelabiceland

Instagram: @textilmidstod / Icelandic Textile Center, fylgjendur 4669 þann 11.4.

Þrjónagleði er með eigin Facebook síðu: <https://www.facebook.com/knittingfestival> og Instagram síðu: <https://www.instagram.com/icelandknitfest>, og eru fylgjendur 1876 þann 11.4.

Á samfélagsmiðlum notar Þrjónagleði merkinguna: #icelandknitfest



Fréttabréf

Fréttabréf Textílmíðstöðvarinnar og ÓssTextíllistamiðstöðvarinnar er sent út rafrænt til áskrifenda tvisvar á ári. Fjöldi áskrifenda er nú um 900.

Annað

Gerð er grein fyrir starfseminni í svæðisbundnum fjölmiðlum. Textílmíðstöðin tekur þátt í menntunar- og menningartengdum viðburðum á svæðinu og sendir fulltrúa á ráðstefnur tengdar sérsviðum miðstöðvarinnar og á ársfund þekkingarsetra.

FULLORÐINSFRÆÐSLA OG ENDURMENNTUN

Í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er verið að vinna námskrá í textíl með áherslu á nútímalegar aðferðir við vinnslu textíls og í framhaldinu að fá kennsluskrána viðurkennda

Háskólanám í textíl

Mikilvægt er að það takist að koma náminu á Háskólastig á Íslandi en Textílmíðstöð Íslands stefnir að því að bjóða upp 60 ECTS diplómu á mastersstigi í samstarfi við [Fabricademy BCN-Textile & Technology Academy](#) og íslenska háskóla til að nemendur eigi þess kost að fá ECTS einingar fyrir námið. Haft hefur verið samband við Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands vegna málsins.

Í Barcelona er námið þannig uppbyggt að nemendur eiga þess kost að ljúka 45 einingum hjá Fabric Academy/IAAC en taka 15 einingar til viðbótar hjá Polytechnic Háskóla Katalóníu sem útskrifar nemendur síðan með diplómu í textíl og tækni. Allt námið er samþykkt af European Higher Education Area (EHEA).

Fabric Academy er samstarfsnet Textílsmiðja víða um heim með áherslu á innleiðingu nýrrar tækni í tískuiðnaði og fyrir vaxandi markað fyrir tækni sem við klæðumst. Námið er þverfaglegt og skiptist í tvo meginþætti; námskeið með fyrirlestrum frá september til desember og sjálfstætt rannsóknarverkefni með leiðsögn frá janúar til mars.

Í náminu er lögð áhersla á að innleiða nýjar leiðir við að skapa, framleiða og dreifa textíl og tískuvörum. Akadémían býður upp á þverfaglega menntun og rými til rannsókna og tilrauna þar sem nemendur læra að vinna með jafningjum, mentorum og hafa aðgengi að góðri nútímalegri vinnuáðstöðu. Nemendur eru jafnframt tengdir inn í alþjóðlegt umhverfi þar

sem þekkingu og reynslu er deilt með gagnvirkum hætti. Einstaka textílsmiðjur eru studdar og liðsinnt af þeim smiðjum sem eru búnar að starfa lengur og búa yfir meiri þekkingu og reynslu.

Námið byggir á ákveðinni aðferðafræði og tengslaneti sem hefur þróast hjá [Fab Academy](#), vettvangi sem stendur fyrir námskeiðum og deilir aðferðafræði þar sem nemendur fá á hverjum stað aðstoð hjá leiðbeinanda sem hefur lokið náminu og er á staðnum (mentor verður að hafa lokið náminu). Nemendur hafa jafnframt aðgengi að gagnvirkum kennsluefni og fyrirlestrum sem frumkvöðlar á heimsvísu miðla.

Textílmíðstöð Íslands er samþykktur [NODE - kennslustaður](#) í samstarfi við BioPol á Skagaströnd í tengslum við kennslu á líftextíl og FabLabið á Sauðárkrók þegar nemendur þurfa að fá aðgengi að fræsara.


Í framhaldinu vinna nemendur undir leiðsögn, sjálfstætt lokaverkefni og eiga þess vonandi kost á að taka 15 ECTS einingar til viðbótar og útskrifast með 60 ECTS diplómu. Ákveðið var að fara af stað með námið með fimm nemendum sem koma frá Íslandi, Bandaríkjunum, Danmörku, Sviss og Skotlandi þó því miður sé enn ekki hægt að bjóða nemendum upp á einingabært nám. Textílmíðstöðin hefur gott aðgengi að þessum alþjóðlegu tengslanetum, einkum í gegnum tvö Evrópuverkefni sem miðstöðin tekur þátt í [centrinno.eu](#) og [Shemakes.eu](#). Þátttaka í verkefnum gefur líka möguleika á stuðningi og aðgengi að þekkingu og reynslu á verkefnistímanum.

HÚSNÆÐI

Til að koma Textíllabinu á fót var gerður samningur á milli Textílmíðstöðvarinnar og Byggðarsamlags um atvinnu og menningarmál í Austur-Húnavatnssýslu. Mál þróuðust þannig að Blönduósbær yfirtók samninginn og er Textíllabið til húsa að Þverbraut 1. Styrkur kom frá Innviðasjóði á móti þeim kostnaði sem féll til við að koma upp aðstöðunni. Húsnæðið er afar heppilegt fyrir Textíllab, hátt til lofts, bjart og vítt til veggja. Innviðirnir skapa grundvöll fyrir rannsóknir og kennslu, námskeiðahald og ráðgjöf, sérstaklega á sviði stafræns textíls.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að möguleiki sé á að halda styttri námskeið í Kvennaskólanum og voru keypt borð og stólar til að hægt væri að halda þar allt að 16 manna námskeið. Einnig er Textíllab Textílmíðstöðvarinnar nýtt til að halda námskeið og kynna möguleika stafrænnar tækni.

Skrifstofur og námsver eru staðsett í Kvennaskólanum og jafnframt hefur starfsmaður SSNV haft aðgengi að skrifstofu þar.



Námsver

Námsverið þjónar mikilvægu hlutverki fyrir íbúa í Austur-Húnavatnssýslu þar sem boðið er upp á góða þjónustu og aðstöðu til fjarnáms, staðbundins náms og próftöku í samstarfi við aðila fullorðinsfræðslu og háskóla.

Í Covid fækkaði prófum umtalsvert og spurning hvornig hlutir eigi eftir að próast. Með jafnrétti til náms að leiðarljósi hefur Textílmíðstöðin boðið próftökum þessa þjónustu þeim að kostnaðarlausu hingað til. En nú verður breyting á og til samræmis við Farskólann er kostnaður við hvert próf. Það er flókið fyrir fámenna stofnun að mæta ólíkum kröfum og tímasetningum Háskólanna. Það á sérstaklega við á próftökutímabilum, en próftími og frágangur úrlausna gerir þá kröfu til yfirvinnu starfsmanna.

Námsverið skapar mikilvæg tengsl við íbúana og jafnframt skapast tengsl við þá aðila sem eiga nemendur sem eru í námi og/eða að taka próf í Kvennaskólanum. Lögð er mikil áhersla á góða þjónustu og viðmót.

Háskólapróf samtals árið 2022: 41

Háskólinn á Akureyri: 27

Háskóli Íslands: 10

Landbúnaðarháskóli Íslands: 3

Háskólinn í Reykjavík: 1

Annað (Garðyrkjuskólinn, Vínskólinn): 5

Beiðni: 4

INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

Samtök þekkingarsetra

Fundur samtaka Þekkingarsetra (SPS) var haldinn í Sandgerði hjá Þekkingarsetri Suðurnesja. Um er að ræða netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar-, atvinnu- og samfélagsþróunar. Hin nýstofnuðu samtök hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar.

Fab Lab Ísland

Umsjónarmaður Textíllabs tekur þátt í samstarfsnetinu Fab Lab Ísland og situr vikulega fundi, jafnframt fékk umsjónarmaður tveggja vikna leiðsögn í Fab Lab Reykjavík á þau tæki sem eru á báðum stöðum.

MÍR og LHÍ

Nemendur í textílhönnun við Myndlistarskólann í Reykjavík og nemendur í fatahönnun við Listaháskóla Íslands komu og fengu leiðsögn og nýttu aðstöðuna í Textíllabinu til að vinna verkefni.

Báðir hópar dvöldu frá mánudegi til föstudags.



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Verið er að vinna í að Textílmíðstöðin verði viðurkenndur fullorðinsfræðsluaðili og búið er að skila inn matsumsókn og umsókn um EQM vottun.

Heldurðu þræði

Í samstarfi við Háskóla Íslands var frumkvöðlum í textíl alls staðar af landinu boðið á nýsköpunarnámskeið sem tengist textílvinnslu. Námskeiðið nefndist „Heldurðu þræði“ og er hugsað fyrir þau sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin rekstur með áherslu á textíl eða eru í atvinnurekstri og vilja auka rekstrarþekkingu sína.

Námskeiðið var haldið í tengslum við evrópska rannsókn- og þróunarverkefnið Centrinno sem starfsfólk Háskólans og Textílmíðstöðvar Íslands taka þátt í. Námskeiðið var endurgjaldslaust.

Umsjón með námskeiðinu var í höndum Huldu Birnu Baldursdóttur sem sá um kennslu á sambærilegum námskeiðum hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Með verkefninu var verið að efla menntun og kunnáttu fólks um leið og verið var að auka kunnáttu í nýtingu á ullinni.

Námskeiðið kallaðist „Heldurðu þræði“ og var haldið frá september til nóvember á netinu og síðan var heimsókn og verðlaunaafhending í TextílLabinu. Þátttakendur voru 45 og margar skemmtilegar hugmyndir litu dagsins ljós. Linda Friðriksdóttir varð í þriðja sæti með hugmynd sína „Húseinangrun“, að nýta ullina með steinull í húseinangrun. Í öðru sæti var Kristín S. Gunnarsdóttir með hugmynd sína „Mjúkull - yfirdýna fyrir náttúrubörn“. Sigurvegari var Elín Jóna Traustadóttir með hugmynd sína „VæruKær kúrukoddi“ sem er fylltur með íslenskri ull.

Uppbygging TextílLabs og Textílklassa á Norðurlandi vestra

Unnið í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, BioPol á Skagaströnd, Ístex og FabLab á Sauðárkróki.

Markmið verkefnisins er uppbygging TextílLabs sem byggir á líf-, snjall- og stafrænni tækni og endurvinnslu í samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja, háskóla, félaga og frumkvöðla á Norðurlandi vestra. Mikilvægt er að aðstaðan uppfylli alþjóðlegar kröfur um TextílLab. Með því verða til einstakir rannsóknainnviðir og tækifæri til þróunar á nýjum virðisskapandi vörum með áherslu á fullvinnslu og endurnýtingu hráefnis. Verkefnið leggur einnig grunn að Textílklassa á Norðurlandi vestra sem mun þjóna landinu öllu. Leitað var eftir sérfræðikunnáttu til að leggja grunn að samstarfinu og Kolfinna Kristínardóttir hjá SSVN aðstoðaði. Fundað var með Ástu Kristínu Sigurjónsdóttur framkvæmda- og klasastjóra ferðamálaklasans og aðstoðaði hún við að skipuleggja fyrstu skrefin. Í framhaldinu var haft samband við Svövu Björk Ólafsdóttur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Rata sem tók að sér að skipuleggja og hafa umsjón með fyrstu vinnustofunni.

Verkefnið hlaut 9 milljóna styrk úr Lóu fyrir árið 2021 og 2022.



Óslitinn þráður

Verkefnið þjónar fræðslu- og varðveisluhlutverki á handverki og þeirri menningar- og atvinnusögu sem tengist þjónamenningu og þróun hennar. Viðtöl verða tekin og myndefni unnið og framleitt til að setja handverkssögu þjóns og þjónafólks á Norðurlandi vestra á YouTube-rás. Rætt verður við fulltrúa eldri kynslóða sem muna heim sem er horfinn, þar sem þjónaskapurinn var hluti af lífsbaráttunni og því að klæða fjölskylduna, en einnig við fulltrúa úr þeim vaxandi hópi sem sér atvinnumöguleika tengda þjóninu.

Uppbyggingarsjóður SSNV styrkti verkefnið Óslitinn þráð um 600.000 kr.

Prjónagleðin 2022

Prjónagleðin var haldin á Blönduósi í sjötta sinn helgina 10.-12. júní 2022.

Svanhildur Pálsdóttir var viðburða- og markaðsstjóri hátíðarinnar og vann hún að því að markaðssetja og skipuleggja hátíðina ásamt starfsfólki Textílmíðstöðvarinnar, sem og að setja upp og halda utan um viðburði og rekstur Prjónagleðinnar.

Fjölmörg námskeið og fyrirlestrar á vegum Textílmíðstöðvarinnar voru á dagskrá hátíðarinnar, auk þess sem Garntorgið var opið frá föstudegi til sunnudags.

Viðburðir hátíðarinnar voru þessir; opunarhátíð Prjónagleðinnar 2022, sýningar á verkum prjónahönnuðanna Thelmu Steimann, Helgu Thoroddsen og Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánsdóttur, friðarmerkið var myndað með prjónandi fólki, örfyrirlestrar og kynningar, prjónaganga, prjónamessa í Blönduóskirkju, prjónakvöldvaka í Félagsheimilinu og tóvinnusvæði á Garntorginu. Flestir viðburðir voru haldnir í samstarfi við fólk og fyrirtæki á svæðinu, sem koma vonandi enn öflugri til leiks árið 2023. Markmiðið er að viðburðir á hátíðinni verði að mestu leyti í höndum annarra aðila en Textílmíðstöðvarinnar í framtíðinni.

Hönnunar- og prjónasamkeppni Prjónagleðinnar var á sínum stað og var verkefnið að þessu sinni lambhúshetta prjónuð úr íslenskri ull og þemað var huldufólk samtímans. Alls bárust 27 lambhúshettur í keppnina og átti dómnefnd úr vöndu að ráða við valið á vinningsverkunum. Lambhúshetturnar voru einnig til sýnis á Garntorginu. Ístex, Tundra, VatnsnesYarn og Rúnalist gáfu verðlaun í samkeppninni.

Prjónagleðin 2022 í tölum; seld voru 137 helgararmbönd, haldin voru 24 námskeið með 169 þátttakendum og söluaðilar á Garntorginu voru 30.

Styrkur fékkst frá Uppbyggingarsjóði SSNV til þess að standa straum af kostnaði við að fá erlenda prjónastjörnu á hátíðina, en ákveðið var að fresta þeim styrk til ársins 2023.

Svanhildur Pálsdóttir sá um framkvæmd og rekstur Garntorgsins.



Prjónastjarna

Sótt var um styrk í Uppbyggingarsjóð SSNV til þess að fá erlenda prjónastjörnu á Prjónagleðina 2022 og fékkst styrkur að upphæð 700.000 kr í verkefnið. Ákveðið var að fresta styrknum til 2023.

Sól í sveit

Nýtt sameinað sveitarfélag ákvað að setja verkefnið Sól í sveit alfarið í hendurnar á starfsfólki Textílmíðstöðvarinnar og var lokaskýrslu verkefnisins skilað í nóvember.

Fjárhagsáætlun var endurskoðuð án þess að helstu áherslum væri breytt en í verkefninu felst uppbygging á menningartengdri ferðapjónustu á Norðurlandi vestra. Heildarstyrkurinn er 12 milljónir og er kostnaður vegna tækjakaupa tæpar 10 milljónir. Helmingur styrksins er úr viðaukasamningi við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra; Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða í stefnumótandi byggðaáætlun.

Hinn helmingurinn er úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra vegna áhersluverkefna.

Önnur námskeið

Sænskur ferðahópur frá Snælandsferðum sótti stutt námskeið í prjóni undir leiðsögn Sigrúnar Indriðadóttur.

Heimsóknir frumkvöðla í Textíllab

Hanna Dís Whitehead vann að verkefninu Staðbundið – strá og ull, sem er rannsókn og þróun varnings í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands. Hún vann á nálaþæfingarvélina og skoðaði leiðir til að nýta annars flokks ull á líflegan og skemmtilegan hátt með liti og form að leiðarljósi

Birta Rós Brynjólfsdóttir og Hrefna Sigurðardóttir hjá Studio Fléttu og Ýr Jóhannesdóttir unnu að verkefninu Þæfingur í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands. Verkefnið snýst um að vinna upp þrjónaafganga frá þrjónaverksmiðjum á Íslandi sem og öðrum þrjónuðum textíl sem fellur til hjá Rauða krossinum. Þær unnu í Textíllabinu í viku við þæfingarvélina og héldu síðar sýningu á afrakstrinum í Reykjavík og munu einnig sýna verkefnið á Hönnunarmars 2023. <https://www.studiofletta.is>

Júlianna Ósk Hafberg mastersnemi í myndlist við Listaháskólann kom í viku til að kynna sér tækin og afla sér færni innan Textíllabsins með skemmtilegum tilraunum sem bundu saman útsaum, þæfingu og laserskurð. Júlianna hélt einnig uppi stúdíói í Reykjavík þar sem hún sýndi verkin sem unnin voru hjá Textílmíðstöð Íslands.

Hönnunarteymið MunkLoua, stofnað af Lone Mette Munk og Jeannette Loua, kom alla leið frá Danmörku og vann við tilraunir í þæfingarvélinni í Textíllabinu fyrir hönnunarverkefni sitt. <https://www.munkloua.com>

Andrea Ósk Margrétardóttir nemandi við Borås textílháskólann í Svíþjóð vann á Tc2 stafræna vefstólinn í viku að vinnslu efnis í brúðarkjól. Hægt er að segja það þetta sé fyrsta brúðarkjóraefnið sem hefur verið ofið á Íslandi í langan tíma.

Guðbjörg Þóra Stefánsdóttir fatahönnuður vann nokkrum sinnum í Textíllabinu bæði við þæfingarvél og Tc2 stafræna vefstólinn við að þróa nýja hönnun með ull og vefnað.

Agnes Freyja Björnsdóttir, Silvía Sif Ólafsdóttir og Sylvía Dröfn Jónsdóttir hjá **Studio Allsber** tileinkuðu sér stafrænu útsaumsvélina og unnu að verki fyrir sýningu á Hönnunarmars 2022, en þær vinna mest með keramik og tengja það við textíl.

Nemendur í vöruhönnun hjá Listaháskóla Íslands unnu að verkefnum um staðbundna framleiðslu í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands og tveir nemendur þau **Kamilla Michelle Rún Henriau og Logi Pedro Stefánsson** enduðu á því að fullvinna verkefni sín tengd þeim möguleikum sem bjóðast í Textíllabinu. Kamilla vann að verkefni sem tengist þróun á dýnu búna til úr annars flokks ull og hrosshárum og Logi Pedro vann að verkefni sem tengist fiskiðnaði og vefnaði sem er og hefur verið okkar helsta útflutningsvara í gegnum tíðina.



ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSVERKEFNI

Evrópusamstarfsverkefnið, Centrinno – new centralities in industrial areas as engines for innovation and urban transformation, hófst í september 2020. Textílmíðstöðin er þátttakandi í þessu umfangsmikla Evrópuverkefni sem er hluti af áætluninni Horizon 20/20 ásamt Háskóla Íslands (HÍ).

Auk Textílmíðstöðvarinnar á Blönduósi eru stofnanir fyrirtæki og félagasamtök í Amsterdam, Barcelona, Genf, Kaupmannahöfn, Mílanó, París, Tallinn og Zagreb þátttakendur í verkefninu.

Markmiðið með verkefninu er að gera Blönduós að blómlegri miðstöð textíls á Íslandi þar sem boðið er upp á nútímalega aðstöðu til rannsókna, þróunar og kennslu á sviði textíls. Með verkefninu skapast einstakt tækifæri til nýsköpunar og þekkingaryfirfærslu. Í verkefninu er lögð áhersla á menningararinn, íslenska staðhætti, nýtingu íslenskra hráefna með hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi og mikil áhersla er lögð á möguleika stafrænnar tækni.

Lögð er rík áhersla á að allar útfærslur og lausnir taki mið af þeim áskorunum sem umhverfsmál bjóða upp á. Stuðlað sé að fjölbreyttri starfsemi sem tekur tillit til samfélagslegra þátta og eflir nýsköpun og að menningararfurinn sé notaður sem innblástur til nýsköpunar með áherslu á samfélagslega þætti.

Miðstöðvar skapandi lausna eru í brennidepli þar sem þær hafa það hlutverk að fá hagsmunaaðila til að gegna lykilhlutverkum í allri framtíðaruppbyggingu. Hver borg eða svæði stýrir sínu tilraunaverkefni út frá ákveðinni aðferðafræði.



Skóðaðar eru undirliggjandi hugmyndir og þræðir á hverjum stað auk umhverfisþátta. Það mun því koma upp á yfirborðið flókin marglaga saga mismunandi staða og svæða í Evrópu. Öll gögn eru sett í sameiginlegan gagnagrunn. Einnig er búið að stofna sameiginlega heimasíðu fyrir verkefnið <https://centrinno.eu>. Þar má finna myndbönd og upplýsingar um verkefni hvers þáttökustaðar.

Sérstaða verkefnisins á Íslandi er að því er ætlað að byggja upp Textílmíðstöð sem þjónar öllu landinu.

Áherslan er á að allir áhugasamir hafi aðgengi að þekkingu, tækjum og tólum til að geta tileinkað sér og nýtt möguleika stafrænnar tækni í sinni framleiðslu.

Áherslan á Íslandi er á textílinn og verkefnið gefur möguleika á:

- Að byggja upp vinnuástöðu með áherslu á verkþekkingu, menningararfinn og eflingu kunnáttu á þeim möguleikum sem felast í stafrænni tækni.
- Að efla möguleika á smáíðnaði tengdum textíl á Norðurlandi vestra og Íslandi öllu. Leggja áherslu á þau tækifæri sem felast í hringrásarhagkerfinu og nýtingu svæðisbundinna hráefna eins og ullar.
- Að styrkja það samstarf sem þegar er til staðar og stuðla að frekara samstarfi og deila þekkingu með samstarfsaðilum í Evrópu.

Verkefnið er rannsóknarverkefni og því mikil vinna við gagnasöfnun. Fulltrúaráðsfundir

eru haldnir tvisvar á ári, fyrsti fundurinn sem ekki var í fjarfundi var haldinn í Amsterdam í október og sóttu Elsa og Katharina fundinn fyrir hönd Textílmíðstöðvarinnar.

Eftir að Textílmíðstöðin tók yfir hluta af verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar er hámarks mögulegt fjármagn til Textílmíðstöðvarinnar á verkefnistímanum, sem eru 42 mánuðir, 575.400,93 evrur eða rúmar 80 milljónir kr.

Haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Barcelona í maí og hann sóttu Elsa, Katharina og Margrét. Um haustið var þátttakendum skipt í þrennt og var fundað í París, Mílanó og á Blönduósi. Vinnustofan sem var í umsjá Textílmíðstöðvarinnar fjallaði um uppbyggingu Textílmíðstöðvarinnar sem miðstöð sköpunar, vettvangs þar sem fólk deilir þekkingu, kunnáttu og hefur tækifæri til að rannsaka og þróa textíl í víðu samhengi.

Fulltrúar frá sveitarstjórn Húnabyggðar þau Ragnhildur Haraldsdóttir, Erla Gunnarsdóttir, Elín Aradóttir, Edda Brynleifsdóttir og Birgir Þór Haraldsson. Þær Katrín Margrét Guðjónsdóttir og Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir mættu frá SSNV ásamt sveitarstjóra Húnabyggðar, Pétri Arasyni og tóku þátt í vinnustofunni. Mikil ánægja var með það hjá starfsfólki Textílmíðstöðvarinnar og þótti samstarfsaðilum okkar mikill akkur í því að fá tækifæri til að vinna með heimafólki. Jafnframt voru haldnir netfundir á hálfsmánaðar fresti, stýrihópsfundir á þriggja mánaða fresti auk þess að haldnir voru fræðslufundir og vinnufundir í einstaka vinnupökkum þess utan.

Track4Crafts

Horizon 2022 Track4Crafts er rannsóknarverkefni sem Textílmíðstöðin tekur þátt í. Í verkefninu er mikil áhersla lögð á að þróa nýjar viðskiptahugmyndir með frumkvöðlum. Í verkefninu felst einnig smá styrkur, rúmar 800.000 þúsund krónur, sem verður notaður til að styrkja frumkvöðla til að vinna með okkur að rannsóknum og þróun til að tengja saman menningararfinn og stafrænar aðferðir við vinnslu textíls. Þar sem þegar hefur verið unnið mjög vel heppnað hagnýtt rannsóknarverkefni í vefnaði þar sem áherslan var einmitt á að tengja saman menningararfinn og stafræna tækni snýr þáttur Textílmíðstöðvarinnar í rannsóknarþætti verkefnisins mest að þróun og útsaumi.



NORA verkefnið Wool in the North (áður Woolwalks & Workshops)

Textílmíðstöðin leiðir NORA verkefnið Wool in the North, sem er samstarfsverkefni við Færeyjar, Grænland, Noreg og Skotland um ferðamennsku tengda ull og allt sem henni viðkemur.

Markmið verkefnisins er að þróa sjálfbæra textílfarðamennsku í þáttökulöndunum og auka með þeim hætti verðmæti ullar. NORA (Norræna Atlantssamstarfið - samtök fjögurra landa, Grænlands, Íslands, Færeyja og strandhéraða Noregs) veitti verkefninu fullan styrk árið 2021 og svo aftur árið 2022.

Árið 2021 fór í það að setja upp og gera tillögur að ferðapökkum í löndunum fjórum og í því sambandi að safna í gagnagrunn og kortleggja hagsmunaaðila tengda ull sem tekið gætu þátt og notið góðs af verkefninu sem slíku.

Ferðirnar eiga að byggjast á þekkingarmiðlun og fræðslu um allt sem viðkemur ull, ullarbúskap, ullarvinnslu, handverki, listsköpun úr ull, sögum tengdum ull o.s.frv. Þær eru settar upp í anda yndisferðamennsku eða „slow tourism“ og lögð áhersla á að gestir kynnist heimafolki og nærsamfélaginu í gegnum ullina.

Árið 2022 var farið í prufuferðir til Noregs, suður Grænlands og Færeyja, þar sem verkefnishópurinn kynnti sér möguleika ullarferðamennsku í hverju landi og reyndi á eigin skinni þær hugmyndir og tillögur sem lágu fyrir um ferðapakkana frá 2021. Ferðirnar voru afar áhugaverðar og lærdómsríkar.

Ráðstefnan Ull, ferðaþjónusta og nýsköpun

Þann 20. apríl 2022 stóð Textílmíðstöð Íslands fyrir alþjóðlegri (ör) netráðstefnu um ull og möguleika til þess að auka verðmæti hennar með nýsköpun og ferðaþjónustu. Ráðstefnan, sem var hluti af NORA verkefninu, fór fram á ensku og sóttu hana yfir 100 manns frá ýmsum löndum.

Á ráðstefnunni nálguðust eftirtaldir sex fyrirlesarar málefnið með ólíkum hætti:

Ólöf Ýr Atladóttir - Like a local - Cultural immersion and the experimental traveller

Sissal K. Kristiansen - The Wool Islands, for the love of Faroese wool

Karin Flatøy Svarstad - Ull-Dorado, making wool work for farmers and gardeners

Brynjar Þór Vigfússon - Wool Mill on a farm

Mia Chemnitz - Qiviut Identity building through local materials and brand

Misa Hay - Shetland Wool Adventures

Ráðstefnan er nú aðgengileg á Youtube rás Textílmíðstöðvarinnar. <https://www.youtube.com/watch?v=XDHhJoN5cXk&t=82s>

Shemakes

Textílmíðstöðin sótti einnig um þátttöku í Evrópuverkefninu Shemakes sem er samstarfsverkefni textílsmiðja í Evrópu og fékk jákvætt svar. Markmiðið með verkefninu er að valdefla konur framtíðarinnar til að vinna að sjálfbærri þróun í textíl- og fataiðnaði með áherslu á færni og samstarfsnet.

Áherslurnar hentuðu afar vel fyrir Textílmíðstöðina þar sem áherslan var á að skoða ull.

Í apríl og maí 2022 var boðið upp á námskeið í stafrænni tækni og bakteríulitun og líftækni í Textíllabi Textílmíðstöðvarinnar. Hægt var að bjóða námskeiðin nemendum að kostnaðarlausu því námskeiðin voru hluti af Evrópuverkefni Shemakes.

Námskeiðin voru auglýst í svæðisbundnum miðlum, bæði á huni.is og feyki.is

22. apríl var haldin **vinnustofan CLO-3D** þar sem þátttakendum var kennt að vinna með CLO-3D tölvuforritið og farið í gegnum þau skref sem þarf til þess að hanna textíl á stafrænu formi. Vinnustofan var rafræn.

23. apríl var haldin **vinnustofa í líftextíl** þar sem kennt var að búa til textíl með bakteríum og sveppum.

24. apríl var haldin vinnustofan **Soft Robotics** þar sem kennt var á raftækni og hreyfingu hluta. Þar var kennd forritun og vinnsla með silicone efni. Markmið var að búa til fígúru sem hreyfir sig á skemmtilegan hátt út frá því hvernig þátttakendur sáu hana fyrir sér.

25. apríl var haldin **vinnustofan 3D prentun**. Þar var kennt að hanna í þrívídd og prenta í þrívíddarprentara. Kennt var á tölvuforritið Rhinoceros og í framhaldinu prentuðu þátttakendur út sína eigin hönnun.

26. apríl var haldin **vinnustofa í bakteríulitun**. Kennt var að lita með bakteríum á efni.

7. maí var haldin **vinnustofan Litla ullarverksmiðjan** þar sem kennt var að búa til rokk til að spinna eigið garn. Þátttakendur lærðu að vinna með leiserskera og mótör forritun þar sem lokamarkmiðið var að geta spunnið eigin garn með handgerðri spunavél.



Erasmus+ verkefnið Allure

Allure (Alfabetización Liberadora: accesibilidad Universal en Recursos para la Educación permanente / Literacy for freedom: Universal Accessibility in Cultural Resources for Permanent Education).

Um er að ræða samstarfsverkefni á sviði fullorðinsfræðslu sem snýr að upplýsingamiðlun til jaðarhópa um menningarviðburði. Í verkefninu verður útfært smáforrit sem allir þátttakendur geta nýtt sér við að kynna námskeið og viðburði. Í verkefninu er líka ætlunin að þróa námskeið sem skapa vettvang fyrir einstaklinga sem tilheyra ólíkum menningarhópum til að vinna saman. Verkefnið stendur yfir í tvö ár og hófst árið 2021.

Samstarfsaðilarnir eru Xunta de Galicia, sem er samstarfsvettvangur sjálfstjórnarhéraðsins í Galícíu, Warsztaty Kultury w Lublinie-Workshops of Culture in Lublin, Háskólinn í Vigo og AEP í Portúgal (Associação empresarial de Portugal / samtök fyrirtækja). Verkefnið hófst árið 2021.

Haldinn var fundur í verkefninu á Blönduósi.

Styrkurinn til Textílmíðstöðvarinnar er 23.136 evrur eða rúmar 3.000.000 kr.



Vettvangsnám Concordia

Iceland Field School 2022. Iceland Field school er mánaðarlangt staðnám hannað og þróað af [Dr. Kathleen Vaughan](#) við Concordia háskólann í Montreal í Kanada í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands. Hugmyndin að náminu kviknaði eftir að Kathleen dvaldi í Ós Textíllistamiðstöð í júní 2016. Hún lét ekki þar við sitja heldur setti saman einingabært nám, þar sem nemendur frá Concordia dvelja og starfa í Ós Textíllistamiðstöð um mánaðartíma. Fyrsti námshópurinn, sem samanstóð af 13 nemendum, dvaldi á Blönduósi í júní 2018 og í júní 2022 kom Kathleen aftur með 16 nemendur sem dvöldu í Ós Textíllistamiðstöð og unnu að verkum sínum allan mánuðinn. Næsti námshópur frá Concordia er væntanlegur á Blönduós í júní 2023 - heimasíðu verkefnisins má sjá [hér](#) og blog-síðu [hér](#).

HEIMSÓKNIR

Tekið var á móti nemendahópum allt árið um kring, m.a. frá Listaháskóla Íslands, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Myndlistaskólanum í Reykjavík, Concordia Háskóla í Montreal og KP Starfsgreina Háskólanum í Kaupmannahöfn. Við hittum samstarfsaðila í Evrópu verkefninu Centrinno á vörfundum sem haldinn var í Barcelona og framhaldinu sótti umsjónarmaður TextíLabsins okkar „Fabricademy Bootcamp“ í Genf. Það var góður undirbúningur fyrir TextíAkademíuna, námið sem hófst á Blönduósi í september.

Dagana 25.-27. október tókum við á móti samstarfsaðilum frá Centrinno sem var hluti af haustfundi; fundað var á sama tíma í París og Mílanó. Til Blönduóss komu samstarfsaðilarnir frá Barcelona og Genf og einnig fulltrúar verkefnisins frá París og Amsterdam og samstarfsaðilar okkar í Háskóla Íslands. Vinnustofan sem var í okkar umsjá fjallaði um uppbyggingu Textílmíðstöðvarinnar sem miðstöð sköpunar og vettvangs þar sem fólk deilir þekkingu, kunnáttu og hefur tækifæri til að rannsaka og þróa textíl í víðu samhengi. Fulltrúar frá sveitarstjórn Húnabyggðar og SSNV ásamt sveitarstjóra Húnabyggðar tóku þátt í vinnustofunni.

Fleiri ferðir og fundir voru á dagskrá, en hluti starfsmannahópsins ferðaðist til Noregs í apríl, Suður-Grænlands í júlí og Færeyja í september til að skoða ferðir tengdar ull og slow travel sem þróaðar eru innan ramma verkefnisins sem Textílmíðstöðin leiðir, „Wool of the North“, styrkt af NORA. Í tengslum við verkefnið var þann 20. apríl einnig haldin alþjóðleg netráðstefna um ull og möguleika til þess að auka verðmæti hennar með nýsköpun og ferðapjónustu.

ÓSS TEXTÍLLISTAMIÐSTÖÐ

Starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands og Óss Textíllistamiðstöðvarinnar tengjast með ýmsum hætti og ekki síst þegar um er að ræða heimsóknir erlendra skóla. Starfsfólk Textíllistamiðstöðvarinnar sér um alla kennslu, en nemendur eru hýstir af Óss Textíllistamiðstöðinni. Nemendur frá PK fagskólanum í Kaupmannahöfn komu og fengu tilsögn í refsisaum hjá Stínu Gísladóttur. Magnús Ólafsson fór með nemendur á söguslóðir Vatnsdælu og kunnum við þeim báðum okkar bestu þakkir. Nemendurnir komu í byrjun janúar og dvöldu í þrjár vikur.



FJÁRMÁL

RH endurskoðun ehf. annast bókhalds- og launavinnslu, reikningsskil og skattskil fyrir Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi.

Fyrir árið 2022 voru rekstrartekjur Textílmíðstöðvarinnar kr. 82.494.346.

Afkoma af rekstri miðstöðvarinnar var jákvæð um 14.135.554 kr.

Opinber framlög námu kr. 26.200.000.

Innlend verkefni og styrkir voru kr. 24.390.654.

Tekjufærsla ársins vegna erlendra verkefna nam 31.903.692 kr.

(innborganir 2022 vegna erlendra verkefna námu 18.714.189 kr.).

Þar af nam tekjufærsla vegna H2020 Evrópuverkefnisins Centrinno 23.721.268 kr.

(innborgun sem kom 2022 8.328.239 kr.)

og tekjufærsla vegna Nora verkefnisins Wool in the North nam 7.801.374 kr.

(innborgun sem kom 2022 nam 10.385.950 kr.).

Styrkir vegna Shemakes 2.205.500 kr.



Ritstjóri:

Elsa Arnardóttir

Höfundar:

Elsa Arnardóttir
Hulda Brynjólfsdóttir
Katharina Schneider
Margrét Katrín Guttormsdóttir
Ragnheiður Björk Þórsdóttir
Svanhildur Pálsdóttir

Umbrot:

Cornelia Theimer Gardella

Ljósmyndir:

Starfsfólk Textílmíðstöðvarinnar

Prófarkarlestur:

Magdalena Berglind Björnsdóttir

Útgefendur:

Textílmíðstöð Íslands og Pekkingarsetur á Blönduósi Árbraut 31, 540 Blönduósi
Heimasíða: www.textilmidstod.is
Netfang: textilmidstod@textilmidstod.is

Útgáfa, apríl 2023

